

## Reglur og leiðbeiningar um gjafir og ívilnanir í tengslum við lögreglustörf.

### 1. gr.

#### *Gildissvið og markmið.*

Markmið þessara reglna og leiðbeininga er að veita starfsfólki lögreglu skýr viðmið um móttöku gjafa, ívilnana og afsláttá ásamt dæmum og leiðsagnareglum. Reglur þessar og leiðbeiningar gilda fyrir alla starfsmenn lögreglu.

Meðfylgjandi er gátlisti sem er gagnlegur til að aðstoða starfsfólk lögreglu við að ákveða hvort rétt sé að þiggja gjafir eða afslætti.

### 2. gr.

#### *Hlutleysi og traust.*

Ein megin forsenda árangursríkrar löggæslu er að starfsfólk lögreglu njóti trausts almennings í öllum störfum sínum. Það er því mikilvægt að starfsfólk lögreglu forðist að aðhafast nokkuð það sem varpað getur rýrð á hlutleysi og traust lögreglunnar við framkvæmd lögreglustarfa.

Spilling og mútur geta birst á margan hátt, verið mismunandi alvarlegar og á ýmsu formi. Það er því erfitt að þekkja nákvæmlega hvar mörkin liggja, þ.e. hvenær telst tilboð, afsláttur eða annars konar ívilnun geta falið í sér spillingu eða mútur. Af þeim sökum er rétt að starfsmenn lögreglu taki almennt ekki við eða þiggi þjónustu, gjafir eða ívilnanir sem ekki greiðast á markaðsvirði eða þiggi boð um forgang, t.a.m. að færast frammar í biðröð eða á biðlista.

### 3. gr.

#### *Gjafir og ívilnanir*

Starfsmönnum lögreglu er ekki heimilt að nýta stöðu sína til að öðlast persónulegar ívilnanir sem eru þess eðlis að ætla megi að þær geti haft áhrif á afgreiðslu, aðgerðir eða ákvarðanir við framkvæmd lögreglustarfanna.

Dæmi um óviðeigandi ívilnanir eru hvers konar gjafir, ferðir, hótलगistingar, veitingar, afsláttarkjör, lán eða aðrar ívilnanir sem beint eða óbeint geta haft áhrif á þjónustu, ákvarðanir og afgreiðslu mála viðkomandi starfsmanns lögreglu.

Starfsmönnum lögreglu er heimilt að gefa eða taka á móti tækifærisgjöfum við sérstök tilefni ef umfang og andvirði gjafarinnar er hóflegt og í samræmi við eðlileg viðmið. Þá er heimilt að gefa eða taka á móti persónulegum gjöfum sem viðurkenningu fyrir einstök verkefni, s.s. björgunarstörf, fari verðmæti gjafarinnar ekki upp fyrir 15.000 kr. Sé um blómvönd eða svæðisbundna minjagripi t.d. með merki sveitarfélags eða félagasamtaka að ræða þarf ekki að verðmeta gjöfina að því gefnu að almennt liggja fyrir að hún sé hófleg og eðlileg.



4. gr.  
*Afslættir.*

Starfsmönnum lögreglu er heimilt að njóta hóflegra almennra afsláttakjara sem sambærilegum hópum stendur til boða, svo sem öðrum viðbragðsaðilum, og eru ekki eingöngu bundnir við lögreglu. Um slík afsláttarkjör skulu liggja fyrir skráðir samningar. Stéttarfélög, svæðisdeildir eða starfsmannafélög gera samninga um afslætti fyrir hönd félagsmanna sinna og kynna fyrir lögreglustjóra sem samþykkir/synjar og heldur skrá yfir samþykkt afsláttarkjör. Slíkir afslættir þurfa að standast opinbera umræðu og skoðun.

Starfsmönnum lögreglu er ekki heimilt að þiggja afslætti sem eingöngu standa lögreglu til boða á vörum og/eða þjónustu frá þjónustuaðilum, matsölustöðum eða verslunum. Þetta á jafnt við um einstaklingsbundna afslætti sem og hópafslætti. Þrátt fyrir að slíkur afsláttur eða ívilnun í hvert skipti kunni að teljast hóflegur verður um óforsvaranlega upphæð að ræða ef varanlegt fyrirkomulag er til staðar.

5. gr.  
*Skil milli opinberra hagsmuna og einkahagsmuna.*

Starfsmönnum er ekki heimilt að selja út þjónustu til lögreglunnar eða nýta sér rammamunna eða afsláttarkjör lögreglunnar persónulega í eigin þágu, nema slíkt sé tiltekið í samningnum. Þannig er ekki heimilt að gera pantanir í eigin þágu á grundvelli slíkra samninga byrgja og þjónustuaðila við lögregluembætti þar sem það skapar vafa um nauðsynlega aðgreiningu eigin hagsmuna og opinberra hagsmuna.

Starfsmenn sem annast innkaup fyrir lögreglu skulu fylgja innkaupareglum og rekstraráætlunum og haga innkaupum í samræmi við lög um opinber innkaup og aðrar reglur sem gilda þar um.

Starfsmenn skulu ávallt vera meðvitaðir um hvar mörkin liggja að því er varðar vináttugreiða, mútur og spillingu í öllum samskiptum sínum og tengslamyndun við viðskiptavinum og byrgja lögreglu.

6. gr.  
*Eftirlit og eftirfylgni.*

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með að reglur þessar séu í heiðri hafðar. Brot gegn reglum þessum kunna að leiða til skriflegrar aðfinnslu eða áminningar samkvæmt 21. gr. laga um réttindi og skyldur starfsamanna ríkisins nr. 70/1996.

Reykjavík, 25. júní 2021

*Sigríður Björk Guðjónsdóttir,*  
*ríkislögreglustjóri.*

## Gátlisti.

Eftirfarandi gátlisti er gagnlegur til að aðstoða starfsfólk lögreglu við að ákveða hvort rétt sé að þiggja gjafir eða afslætti.

- 1) Hver er líkleg ástæða þess að gjöf er gefin eða fríðindi boðin?
- 2) Gefa aðstæður eðlilegt tilefni til þess að bjóða fríðindi?
- 3) Gefa aðstæður tilefni til að ætla að eitthvað hangi á spýtunni?
- 4) Má ætla að gefandi upplifi þrýsting eða finni sig knúinn til að gefa gjöfina?
- 5) Má ætla að gefandi geri ráð fyrir að fá eitthvað í staðinn?
- 6) Hvað finnst mér um aðstæður og málavexti þegar mér bjóðast einhver fríðindi?
- 7) Eru fríðindi sem mér bjóðast persónulega í reynd eðlilegur, rökréttur eða ómissandi hluti af samskiptum, framkvæmd verkefnis eða viðskiptasambandi?
- 8) Stenst gjöf eða fríðindi almenna skoðun?
  - \*Myndi ég segja frá henni á kaffistofunni?
  - \*Myndi ég segja vini eða fjölskyldumeðlimi frá henni?
  - \*Treysti ég mér til þess að verja hana opinberlega, t.d. í gagnvart blaðamanni?
  - \*Finnst mér eðlilegt að láta yfirmann eða kollega svara fyrir hana?